


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 3		
<b>Stjórnun (VID 103 / VID 104)</b>		
<b>Vorönn 2017</b>		

<b>Kennari</b>	Sunna Hlín Jóhannesdóttir, sunna@vma.is	<b>Sk.st.</b>	SUN
----------------	---	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Farið er yfir grunnhugtök og kenningar í stjórnun. Nemendum er kynnt gildi stjórnunar og skipulagningar fyrir einstaklinginn, fyrirtækið og samfélagið og að setja sér markmið til framtíðar. Viðfangsefni áfangans miða meðal annars að því að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í félags- og atvinnulífi.


### Markmið:

Að nemendur fái innsýn í hlutverk, verksvið og ábyrgð stjórnenda fyrirtækja einkum á sviði starfsmannastjórnunar og verkstjórnar, fái skilning á sjálfum sér sem stjórnanda og búi sig markvisst undir þátttöku í félags- og atvinnulífi.

**Námsgögn:** Vikulegt lesefni á Moodle

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Lesefni á kennsluvefnum Moodle	Dagar	Síðasti skiladagur á verkefnum og innleggi á umræðuvef
1	Kynninga á áfanganum	6. janúar	
2	Mannleg samskipti	9. janúar - 13. janúar	15. janúar
3	Hvatning	16. janúar - 20. janúar	22. janúar
4	Mismunandi menningarheimar	23. janúar - 27. janúar	Nemendur útbúa plakat og kynna í tíma þann 27. janúar.
5	Framsál valds	30. janúar - 3. febrúar	5. febrúar (Stjórnandagagnrýni 15%)
6	Hópvinna	6. febrúar - 10. febrúar	12. febrúar
7	Stjórnun breytinga - Áætlanir	13. febrúar - 17. febrúar	19. febrúar. Setja fyrir 10% verkefni í verkefnastjórnun sem á að skila 26. febrúar.
8-9	Tímastjórnun	20. febrúar - 3. mars	26. febrúar
10-11	Mannauðsstjórnun	6. mars - 17. mars	12. mars
12-14	Myndbandsverkefni	20. mars - 7. apríl	7. apríl (Skila myndbandsverkefni)
16	Markaðsmál	18. apríl - 21. apríl	23. apríl
17-18	Persónuþróun og markmiðasetning	24. apríl - 5. maí	30. apríl


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Utgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	<b>Stjórnun (VID 103 / VID 104)</b> <b>Vorönn 2017</b>	

### Verkefni:

-8 krossapróf á Moodle sem nemendur vinna í tíma og fá tvær tilraunir til að leysa: Prófin verða EINUNGIS opin í tilteknum kennslustundum.

-8 innlegg inn á umræðuvef á Moodle en nánari fyrirmæli um efni og lengd verður inni á Moodle. Einkunn fyrir innlegg á umræðuvef er gefin í bókstöfum. Algengast er að gefin sé einkunnin A sem þýðir að nemandinn hefur lesið efnið og skrifað um það á umræðuvef samkvæmt fyrirmælum kennara. Þetta samsvarar einkunn kringum 8. Einkunnin A+ er gefin hafi nemandinn greinilega lesið viðbótar efni, vitnað í það eða skrifað framúrskarandi hugleiðingu um efni vikunnar. Bókastafirnir B, C og D eru fyrir lakari skrif og E þýðir að nemandinn hafi ekki tekið þátt í umræðu. Ef nemandi hefur fengið frest á verkefnaskilum vegna sérstakra aðstæðna þá er aldrei gefin hærri einkunn en B.

<b>Matsform:</b>	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
8 krossapróf	Einstaklingsverkefni		15%/10%
Umræðuvefur/8 verkefni	Einstaklingsverkefni/hópverkefni		20%/15%
Mismunandi menningarheimar	Nemendur vinna plakat í Piktochart		5%/2%
Stjórnandagagnrýni	Einstaklingsverkefni		15%/10%
Myndbandsverkefni	Hópvekefni		25%/20%
Verkefnastjórnun	Einstaklingsverkefni		10%/8%
Virgni í tímaverkefnum	kennari skráir í hverjum verkefnatíma virgni nemenda.		10%/10%
Neyðarstjórnun	<b>Vélstjórnarnemendur taka einungis þennan námsþátt og ljúka þá fjórum einingum í stað þremur (VID 104).</b>		<b>25%</b>

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	<b>Stjórnun (VID 103 / VID 104)</b>	<b>Vorönn 2017</b>

### Mat á virkni nema:

Óviðunandi virkni Einkunn 3	Slök virkni Einkunn 5	Viðunandi virkni Einkunn 7	Góð virkni Einkunn 8,5	Mjög góð virkni Einkunn 10
Nemandi hefur ekki góð áhrif á vinnu í kennslustundum, truflar og tekur ekki leiðbeiningum og tiltali. Jafnvel þótt viðkomandi sé mættur er hægt að segja að þátttaka sé lítil eða engin.	Nemandi hefur verið fjarverandi umtalsverðan hluta kennslustunda (viðvera minni en 80%) og hefur átt í erfiðleikum eða hefur ekki sinnt nógu vel því að taka þátt í því sem er á dagskrá.	Nemanda hefur annaðhvort vantað í nokkrar kennslustundir (viðvera 80% eða meira) eða hefur átt í erfiðleikum með að taka þátt í því sem fram fer eða sinnir því lítið. (Síminn truflar.)	Nemandi hefur tekið þátt í flestum kennslustundum (viðvera 90% eða meira) og unnið að því sem hefur verið á dagskrá. Nemandi tekur yfirleitt vel þátt í því sem fer fram.	Nemandi hefur tekið þátt í öllum eða langflestum kennslustundum (viðvera 95% eða meiri) og unnið að því sem hefur verið á dagskrá.  Nemandi tekur þátt á uppbyggjandi hátt í því sem fer fram.

- Áhersla er lögð á góða mætingu, enda fer vinnan að mestu leyti fram í kennslustundum. Meðferð síma er bönnuð í tímum nema með leyfi kennara.
- Verkefnum skal skilað á tilsettum skiladegi hverju sinni sbr. reglur um verkefnaskil sem gilda í áfanganum.

Dagsetning: 5.1.17

Sanna H. Schreiner  
Undirritun kennara

Katín Þrastardóttir  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils